

AUGLÝSING um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Þingdals í fyrrum Villingaholtshreppi.*
Í deiliskipulaginu felst að á 4,7 ha lóð úr landi Þingdals er heimilt að byggja allt að 150 m² frístundahús ásamt 25 m² geymslu. Mænishæð frístundahússins skal vera allt að 6,5 m frá jörðu.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2007.
2. *Deiliskipulag íbúðarlóða í landi Skúfslækjar í fyrrum Villingaholtshreppi.*
Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 7 lóðum, 2,7-3,5 ha að stærð, þar sem heimilt verður að reisa 500 m² íbúðarhús og 1000 m² hesthús.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 24. september 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 8. október 2007